



Húsmæðraskóla Reykjavíkur var sagt upp í gær, og um leið lét elzti kennari skólans, Óluf Blöndal, af störfum. Nemendur gáfu henni bækur að skilnaði. Að gömlum og góðum íslenskum hætti tjáði hún þakklaeti sitt og vinarhug í garð nemenda sinna með því að kyssa stólkuna, sem afhenti henni gjöfina. (Ljósmynd: TÍMINN —GE).

86 ára gamalt hákarlaskip á sjó

Ófeigur frá Ófeigsfirði dreginn að Reykjum í Hrútafirði, þar sem nú er verið að byggja yfir skipið.

Síðast liðinn laugardag var hið nafnkunna hákarlaskip, Ófeigur, sótt að Ófeigsfirði á Ströndum og flutt inn að Reykjum í Hrútafirði, þar sem það verður varðveitt framvegis. Er nú verið að byggja þar yfir það skýli.

Nokkrum gömlum skipum frá þeim tíma, er ekki var á annað að treysta en seglin og árnar, hefur nú verið komið fyrir í söfn um til varðveislu. Í sjóminjasafni í Reykjavík er Engeyarskip, Pétursey í byggðasafninu í Skógum, og í Vestmannaeyjum og á Eyrarbakka eru skip einnig varðveitt. Loks fær nú hákarlaskipið Ófeigur varanlegan samastað á Reykjum.

Ófeigsfirði það til varðveislu. Teikningar af því og öllu, er því heyrði til, voru gerðar, en flest það, sem fylgdi skipinu og hákarlaútveginum, er nú farið forgörðum. Þó er enn til í Ófeigsfirði stór lifrarsár og pottar til bræðslu.

Það var Jóhann Guðmundsson, skipstjóri á Hólmavík, er sótti skipið til Ófeigsfjarðar á laugardaginn. Var það haft í togi aftan í vélbátnum og því haldið uppi með belgjum. Skilaði Jóhann því að Reykjum í Hrútafirði á mánudaginn.

„Ég veit ekkert um það“

Kaupmannahöfn, 14. júní — einkaskeyti. — Dönsku blöðin skrifa nú um það, að Jörgen Jørgensen, menntamálaráðherra, verði útnefndur heiðursdoktor við Háskóla Íslands á laugardaginn.

Venja er, að slíkt sé áður gert hlutaðeigandi manni kunnugt, en Jørgensen hefur neitað því í viðtali við blöðin, að háskólinn hafi leitað hófanna um slíkt við hann.

„Ég veit ekkert um það, og hef ekkert frá Íslandi frétt“, sagði menntamálaráðherrann. Aðils.


60 undirskriftir — afhending hindruð

Kaupmannahöfn, 14. júní — einkaskeyti. Um hádegisbilið í dag höfðu 57 þingmenn undirritað kröfu um það, að handritalögin yrðu ekki staðfest fyrr en þau hefðu verið samþykkt að nýju að loknum nýjum kosningum. Var þá af fremsta megni leitast við að fá þrjá þingmenn, er á vantaði til þess, að slík krafa hefði gildi, og tókst Poul Möller og þeim, sem harðast gengu fram í málinu gegn Íslendingum, að ná því marki klukkan fimm.

Meðal þeirra, sem hafa skrifað undir þessa kröfu, eru allmargir þingmenn, er greiddu atkvæði með sjálfum lögunum á þingi, og rökstyðja þeir þetta svo, að þeir séu andvígir starfsaðferðum Jørgensens menntamálaráðherra.

Kosningar verða ekki í Danmörku fyrr en að rúmum þremur árum liðnum, nema þingrof komi til.

Stöðvunin nær til þeirra handrita, sem eru í Árnasafni, því að hún byggist á því, að handritalögin séu eignarnámslög. Aftur á móti eru handritin í Konunglegu bókhöfðunni, þar með talin Flateyjarbók, eign danska ríkisins, og ættu því þessar undirskriftir ekki að hafa áhrif á afhendingu þeirra.



Dálkur úr Flateyjarbók.

150 milljónir á viku

Stjórnarblöðin halda áfram að birta ýmsa fánlega útreikninga um þær álögur, sem leggjast muni á atvinnuvegina, vegna samkomulags samvinnufélaganna og verkalýðsfélaganna. Er nánar vikið að þessum talnablekkingum þeirra á 5. síðu Tímans í dag.

En eitt forðast stjórnarblöðin að nefna í þessu sambandi: Hvaða lausn var betri fánleg en sú, sem fólst í samkomulagi samvinnufélaganna og verkalýðsfélaganna, eftir að ríkisstjórnin var búin að kalla fram allsherjarverkföll með kjaraskerðingar stefnu sinni og húið var að fella málamiðlunartillögu sáttasemjara? Átti kannski að reyna að brjóta verkamenn á bak aftur með löngu verkfalli?

Ög hvað hefði það kostað? Þjóðarframléiðslan mun nú vera um 7500 millj. kr. á ári, eða 150 millj. kr. á viku. Samkvæmt því geta menn reiknað, hvað langt verkfall hefði kostað, en allsherjarstöðvun hefði orðið í landinu, ef samkomulag samvinnufélaganna og verkalýðsfélaganna hefði ekki komið til sögu.

Þeirri staðreynd verður því ekki hrundið, að samkomulag þetta var bezta fánlega lausnin, eftir að ríkisstjórnin var búin að koma öllu í strand, og hefur forðað þjóðinni frá mörg hundruð milljóna tjóni, sem myndi hafa hlotizt af löngu allsherjarverkfalli.